



Stjórn SSH 379. fundur

Mánudaginn 3. september 2012 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Jón Gnarr Kristinsson, Ármann Kr. Ólafsson, Guðný Ívarsdóttir og Snorri Finnlaugsson

Gunnar Einarsson boðaði forföll.

Ennfremur sat fundinn S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Á fundinn mættu Guðjón Bragason og Lúðvík E. Gústafsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og gerðu grein fyrir meginþáttum í tillögu að nýrri landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og helstu viðhorfum sem þar er byggt á.

2. Málefni Strætó bs.

- a) Skipun tveggja fulltrúa SSH í stýrhóp vegna samnings um tilraunaverkefni til eflingar almenningsamgagna á höfuðborgarsvæðinu.
Samþykkt að tilnefnda Gunnar Einarsson bæjarstjóra í Garðabæ og Ellýju Katrínu Guðmundsdóttur borgarritara í stýrihópinn f.h. SSH
- b) Erindi stjórnar Strætó bs. – beiðni um fund vegna samnings um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.
Samþykkt að fela Gunnari Einarssyni og Ellýju Katrínu Guðmundsdóttur að funda með fulltrúum Stætó bs. vegna málsins.

3. Málefni SSH.

- a) 6 mánaða uppgjör reksturs SSH.
Fyrir lá óendurskoðað uppgjör SSH fyrir fyrri hluta ársins.
Framkvæmdastjóri fór yfir og skýrði helstu liði, og benti á að þörf sé á að skoða sérstaklega framtíðarfyrirkomulag á rekstri höfuðborgargirðingarinnar.
- b) Ráðning starfsmanns á skrifstofu SSH í samræmi við ákvæði samkomulags um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.



Framkvæmdastjóri lagði fram drög að starfslýsingu vegna starfsins. Samþykkt að heimila framkvæmdastjóra að auglýsa starfið á grundvelli draganna, enda verði ráðningin tímabundin til tveggja ára.

- c) Verkefnayfirlit frá síðasta stjórnarfundum.
Fyrir lá samantekt framkvæmdastjóra – yfirlit yfir helstu verkefni sem stjórn hefur fjallað um frá síðasta aðalfundi og staða þeirra.
- d) Framtíðarhópur SSH – staða verkefna og verklag framundan vegna eigendastefnu byggðasamlaganna.
Fyrir lá minnisblað vegna málsins, en þar kemur fram að stefnt er að því að leggja tillögur hópsins fram til kynningar á aðalfundi SSH í haust og að ljúka vinnu um nk. áramót.
Ennfremur lá fyrir minnisblað vegna boðs untaríkisráðuneytis um að SSH sendi 2 – 3 fulltrúa í Taiex námsferð á haustmánuðum.
Samþykkt að nýta þetta boð og að þátttakendur verði Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri í Mosfellsbæ og Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari.

4. Önnur mál.

- a) Stöðuskýrsla verkefnahóps 7 – jarðvegstíppar (Bolalda)
Skýrsla hópsins lögð fram.
- b) Stjórnsýsluúttekt vegna reksturs skíðasvæðanna
Skýrslan lögð fram til kynningar og verður til umfjöllunar á næsta fundi stjórnar.
- c) Umræður um fyrirkomulag um ákvörðun um laun kjörinna fulltrúa.
Ármann Kr. Ólafsson vakti máls á þörf fyrir samræmingu á málinu.
Stjórn telur rétt að málið verði skoðað frekar í samvinnu við kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00